



JAFNRÆÐI • JÁKVÆÐNI  
TRAUST • VIRÐING

# Pistill sveitarstjóra

Þorsteinn Gunnarsson

## Skútustaðahreppur

### 8. nóvember 2017 – Pistill nr. 22

Kæru Mývetningar nær og fjær. Þá er vetur genginn í garð fyrir alvöru en um leið birtir yfir Mývatni. Hér er fjölbreytt vetrarafþreying og menningin blómstrar sem aldrei fyrr.



#### Tölum skólana okkar upp!

Fræðslumál hafa verið í brennidepli að undanförmu. Síðasta mánudag fór ég ásamt Sólveigu Jónsdóttur skólastjóra Reykjahlíðarskóla og Jóhönnu Katrínu Þórhallsdóttur formanni skólanefndar á skólaping sveitarfélaga sem haldið var í Reykjavík. Tvö knýjandi viðfangsefni voru tekin til umfjöllunar, annars vegar framkvæmd opinberrar menntastefnu hér á landi og hins

vegar vaxandi nýliðunarvandi í kennarastétt. Skólapingið var virkilega vel heppnað og afar fróðlegt í alla staði. Fræðslumál eru sá þáttur í rekstri sveitarfélaga sem vegur hvað þyngst. Við erum aðallega að þjónusta börn og ungmenni og mikilvægt að við vöndum til verka. Við erum svo heppin hér í Skútustaðahreppi að vera vel sett með menntaða kennara. Á leikskólanum erum við með tvo menntaða leikskólakennara og tvo starfsmenn sem eru í leikskólakennaranámi og reynslumikið starfsfólk. Þetta er ekki sjálfsagður hlutur. Ég hvet áhugafólk um skólamál að kynna sér marga áhugaverða fyrirlestra frá skólapinginu. Þá má nálgast hér:

<http://www.samband.is/verkefningin/skolamal/skolathing-og-malstofur/skolathing-2017>

Sérstaklega vil ég vekja athygli á tveimur fyrirlestrum sem mér fundust verulega áhugaverðir. Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir námssálfræðingur fjallaði um tækniframfarir á öllum sviðum samfélagsins, þ.m.t. þeim sem lúta að menntun og skólastarfi. Margvísleg tækifæri felast í hagnýtingu tækninnar þegar kemur að því að veita nemendum og skólum faglega, sérhæfða þjónustu óháð landfræðilegri legu og þróunin er hröð. Mikilvægt er að við

tökum virkan þátt í þeirri þróun og aukum jafnræði nemenda til náms.

Þá flutti Jóhannes Skúlason, ráðgjafi og fyrrverandi grunnskólakennari erindi um hversu mikilvægt það er fyrir skólasamfélagið að tala kennarastarfið upp. Er kennaraskortur vandamál eða úrlausnarefni? spurði Jóhannes og vísaði til þess að hvernig við nálgumst málefni, hefur áhrif á niðurstöðuna.

### Skólastefna Skútustaðahrepps í umsagnarferil

Meira um skólamál. Á vordögum var skipaður vinnuhópur til að halda utan um stefnumótunarvinnu í skólamálum Skútustaðahrepps.

Markmið þessarar stefnumótunarvinnu er tvíþætt.

- Annars vegar að greina stöðu skólamála í samkeppnisumhverfi sínu.
- Hins vegar að móta stefnu og sóknaráætlun fyrir skólamál í sveitarfélaginu.

Meðal annars hefur verið haldinn íbúafundur, nemendaping og farið í skólaheimsóknir í leik- og grunnskóla að Hrafnagili. Fyrstu drög að skólastefnu liggja fyrir og næsta skref er að hún fari í umsagnarferli íbúa áður en hún verður lögð fram fyrir skólanefnd.


Af því tilefni eru drög skólastefnunnar nú aðgengileg á heimasíðu Skútustaðahrepps svo allir geti kynnt sér þau og komið með umsagnir áður en lokadrög verða útbúin og lögð fyrir skólanefnd.

Óskað er eftir að umsagnir um drög að skólastefnu Skútustaðahrepps verði sendar á netfangið [thorsteinn@skutustadahreppur.is](mailto:thorsteinn@skutustadahreppur.is) í síðasta lagi föstudaginn 10. nóvember 2017. Öllum er velkomið að senda inn umsagnir.



### Glatt á hjalla hjá starfsfólki Skútustaðahrepps

Hin árlega óvissuferð starfsfólks Skútustaðahrepps, sveitarstjórnarfulltrúa og maka, sem er nokkurs konar árshátíð, var haldin síðasta föstudag. Að vanda var víða komið við og glatt á hjalla. Meðal annars var farið í ratleik úti í Höfða og lagið tekið eins og Mývetningum einum er lagið þar sem meðfylgjandi mynd var tekin.



### Ný fylling komin í gervigrasvöllinn við Reykjahlíðarskóla

Dekkjakurlið á sparkvöllinum við Reykjahlíðarskóla var fjarlægð á dögnum og í staðinn er komin græn EPDM fylling sem

uppfyllir nýjustu kröfur frá KSÍ. Þessi fylling hefur verið notuð af Reykjavíkurborg á nýja velli hjá KR, Fylki og Víking að undanfögnu. Fyrirtækið Altis sá um að fjarlægja dekkjakurlið og setja nýju fyllinguna í staðinn en gúmmíkurlið hefur verið talið heilsuspillandi. Mátu starfsmenn Altis jafnframt ástand gervigrassins mjög gott. Eru þetta mikil gleðitíðindi fyrir nemendur og alla þá sem hafa nota gervigrasvöllinn því gamla gúmmíkurlið hefur litað fatnað, skó og bolta. Nýja fyllingin á að halda sér betur í vellingum og því minnka líka þríf í skólum og heima fyrir.



### Vel sóttur fyrirlestur

Hjalti Jónsson sálfræðingur hélt fyrirlestur á dögnum í Reykjahlíðarskóla um andlegt heilbrigði og kvíða barna og unglunga. Hann hitti nemendur að degi til og svo foreldra seinni partinn og var virkilega vel mætt. Ég fór á fyrirlesturinn og var hann mjög áhugaverður og vel fram settur af Hjalta. Fyrirlesturinn var samstarfsverkefni Reykjahlíðarskóla og foreldrafélagsins í Reykjahlíðarskóla og leikskólans Yls.

### Árshátíð Reykjahlíðarskóla á morgun

Hin árlega árshátíð Reykjahlíðarskóla verður fimmtudaginn 9. nóvember og hefst kl. 19:30 í skólanum.

Nemendur flytja fjölbreytta skemmtidagskrá og að þessu sinni mun 8. - 10. bekkur sýna leikritið Benedikta búálfur.

Í hléi verður boðið upp á kaffiveitingar.

Aðgangseyrir er kr. 1.500.- fyrir eldri en 16 ára, fyrir skemmtun og kaffi.

Enginn posi á staðnum.

Hvetjum alla til að koma og eiga frábæra kvöldstund og styrkja börnin.

Allur ágóði rennur í nemendasjóð.



### Menningin blómstrar

Jarðböðin í samstarfi við Iceland Airwaves buðu upp á stórskemmtilegan viðburð í Jarðböðunum í síðustu viku: Emmsje Gauti og Young Nazareth trúðu upp fyrir gesti Jarðbaðanna og var aðsókn prýðileg og stemningin frábær. Voru þessir tónleikar góð viðbót við aðra afþreyingu sem hægt er að stunda í Mývatnssveit.

Næsta sunnudagskvöld verða tónleikar í tilefni af 100 ára afmæli Ellu Fitzgerald í Reykjahlíðarkirkju kl. 20:00. Ella Fitzgerald

hefði orðið 100 ára þann 25. apríl síðastliðinn. Af því tilefni vilja tónleikahaldarar flytja tónlist Ellu og segja frá ævi þessarar mögnuðu konu sem hefur glatt og grætt svo marga með sínum einstaka söng. Dagskráin var áður flutt á Listasumri.

Fanney Kristjáns Snjólaugardóttir, söngur  
Helga Kvam, píanó  
Stefán Ingólfsson, bassi  
Rodrigo Lopes, trommur  
Aðgangseyrir 2.900 kr. Miðasala á tix.is.  
Enginn posi á staðnum.

### **Uppbyggingarsjóður Norðurlands aðstoðar áhugasama í Mývatnssveit 17. nóv. n.k.**

Nú hefur verið opnað fyrir umsóknir í Uppbyggingarsjóð Norðurlands eystra fyrir árið 2018. Sækja þarf um rafrænt á heimasíðu Eyþings með íslykli eða rafrænum skilríkjum. Umsóknarfrestur er til og með 29. nóvember nk. Hlutverk sjóðsins er að styrkja menningar-, atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni. Auk þess veitir sjóðurinn stofn- og rekstrarstyrki til menningarmála. Starfsmenn Eyþings og atvinnuþróunarfélaganna verða með viðveru á starfssvæðinu þar sem veitt verður ráðgjöf við gerð umsókna. Viðvera starfsmanna uppbyggingarsjóðs verður í Skútutstaðahreppi: Reykjahlíð 17.11.2017 kl. 8:30-10:00: Skrifstofa Skútustaðahrepps

### **Sveitarstjórn leggst gegn Svartárvirkjun**

Á síðasta fundi sveitarstjórnar var tekið fyrir erindi frá Skipulagsstofnun þar sem vísað er til þess að SSB Orka ehf. hafi tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um allt að 9,8 MW Svartárvirkjun í Bárðardal, Þingeyjarsveit.

Með erindinu fylgir frummatsskýrsla um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar.

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 106/2000 óskar Skipulagsstofnun eftir að Skútustaðahreppur gefi umsögn um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Í ljósi umsagnar Náttúruverndarnefndar Þingeyinga telur sveitarstjórn Skútustaðahrepps að í frummatsskýrslu virkjunar Svartár í Bárðardal sé ekki á fullnægjandi hátt gerð grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd og áhrifum hennar á umhverfi. Í ljósi líklegra neikvæðra áhrifa framkvæmdarinnar á bústofna alþjóðlega mikilvægra andastofna húsanda og straumanda og hæpnum forsendum fyrirhugaðra mótvægisáðgerða tekur sveitarstjórn undir með Náttúruverndarnefnd Þingeyinga í því að rétt sé að hverfa frá framlögðum hugmyndum um virkjun Svartár í Bárðardal. Það yrði Íslendingum, ekki síst Þingeyingum sem á sínum tíma vörðu Mývatn og Laxá, mikill álitshnekkir að heimila slíka framkvæmd í ljósi sérstöðu svæðisins og ótvíræðs verndargildis.

### **HRÓS DAGSINS...**

fá Jarðböðin fyrir skemmtilegan viðburð á Iceland Airwaves.

### **Ýmislegt**

Að vanda hef ég sótt ýmsa fundi og ráðstefnur að undanfögnu og má þar nefna skipulagsnefnd, skólaþing sveitarfélaganna, með forstöðumönnum vegna fjárhagsáætlunarvinnu og margt fleira. Sem fyrr er hér er stiklað á stóru. Ætlunin er að pistill sveitarstjóra birtist tvisvar í mánuði, í kjölfar sveitarstjórnarfunda. Tilgangurinn er að efla upplýsingastreymi sveitarstjórnar. Sveitarstjörapistillinn er sendur út í tölvupósti, í pósti og birtur á heimasíðu sveitarfélagsins.

*Bestu kveðjur*

**Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri**